

## Aðalfundur Karlakórs Hreppamanna 18. október 2016

Á síðasta aðalfundi sem haldinn var 20. október 2015 var skipað í nefndir og ráð eins og venja er. Engar breytingar urðu á stjórn nema að Ásmundur Sverrir Pálsson fór í leyfi fram að áramótum og kom Þorvaldur Jónasson inn í stjórn sem varamaður á meðan.

Starfsárið 2015-2016:

Æfingar hófust 15. september þegar undirbúningur fyrir væntanlegt Kötlumót í Reykjanesbæ hófst.

3. október fór KKH á sameiginlega æfingu sem haldin var í Grafarvogskirkju þar sem þátttökukórar Kötlumótsins stilltu saman strengi. Að lokinni æfingu var tekið hús á Fóstbræðrum þar sem forvitnast var um þeirra starfsemi og undirbúning fyrir 100 ára afmæli þeirra.

16-18. október var síðan komið að Kötlumótinu í Reykjanesbæ sem haldið var af Karlakór Keflavíkur. Mótið byrjaði með sameiginlegum æfingum á föstudagskvöldi og laugardagsmorgni. Eftir hádegi á laugardeginum hófust tónleikar einstakra kóra þar sem KKH var með sína tónleika í Stapa. Dagskrá laugardagsins lauk með sameiginlegum tónleikum allra kórana í Atlantic Studio. Kötlumótinu lauk síðan um kvöldið með heljarinnar veislu.

30. október tók KKH þátt í styrktartónleikum sem haldnir voru til styrktar börnum Lárusar Stefánssonar og Stefaníu Bjarnadóttur.

6. nóvember var komið að árlegu karlakvöldi KKH í umsjón 2. bassa.

8. desember var síðasta æfing fyrir jól með hefðbundnum hætti þar sem mökum var boðið að hlýða á sýnishorn af því sem var á æfingaprógramminu okkar, ásamt því að þyggja léttar veitingar í lok æfingar.

11. desember söng KKH í 15 ára afmæli Landstólpa í Gunnbjarnarholti.

16. desember hélt Þorleifur Jóhannesson upp á 60 ára afmæli sitt og að sjálfsgöðu var KKH á staðnum og söng honum til heiðurs.

5. janúar var fyrsta æfing á nýju ári.

6. febrúar var æfingadagur á Stað á Eyrarbakka, eftir æfingu tók kórin lagið fyrir eldri borgara á Kumbaravogi áður en haldið var í kvöldverð á veitingastaðnum Fjöruborðinu á Stokkseyri.

11. apríl sungum við fyrir eldri borgara á Hótel Örk í Hveragerði.

16. apríl var komið að vortónleikum kórsins í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum. Kvennakór Hafnarfjarðar var gestakór okkar og sungu þær nokkur lög ásamt því að syngja með okkur. Kórum, stjórnendum og píanóleikara var vel fagnað að tónleikum loknum.

19. apríl mættum við svo í Selfosskirkju ásamt Kvennakór Hafnarfjarðar með vortónleikana okkar.

12-14. maí tókum við þátt í norrænu kóramóti / 100 ára afmæli Karalakórsins Fóstbræðra, sem haldið var í Hörpu. Okkar þátttaka hófst 13. maí á Bessastöðum þangað sem formönnum og stjórnendum þátttökukóranna var boðið af forseta Íslands, Ólafi Ragnari Grímssyni í sérstaka móttöku til heiðurs Fóstbræðrum. 14. maí var svo aðal tónleikadagurinn þar sem við vorum með tónleika í Eldborgarsalnum ásamt því að taka þátt í samsöng allra kórana. Mótið endaði síðan með veisluhöldum og skemmtunum fram eftir kvöldi.

15. maí vorum við gestakór á tónleikum Svissnenska Karalakórsins Männerstimmen Basel í Skálholtskirkju.

4. júní var útreiðartúr kórsins í blíðu að venju. Upphaf og endir túrsins var við Reiðhöllina í Torfdal. Skemmtinefndin á heiður skilið fyrir vel heppnaðan dag.

25. júní hélt Brynjar Sigurðsson upp á 50 ára afmæli sitt þar mætti góður hópur af karlakórsfélögum og söng Brynjari til heiðurs.

Svona hljómar samantekt starfsársins í grófum dráttum. Ef allt er talið, æfingar, tónleikar og aðrar uppákomur, eru þetta ca. 45 skipti sem kórin hefur komið saman.

Að lokum þakka ég ykkur félagar fyrir vel unnin störf og gott samstarf á liðnu starfsári.

Helgi Már Gunnarsson, formaður.